

Reglur Lagadeildar um fjarpróf (heimapróf)

Samþykktar á deildarfundi 27. janúar 2009, m. breytingum samþykktum 30. nóvember 2010 og 29. september 2020

1. gr.

Fjarpróf samkvæmt reglum þessum er skriflegt próf sem nemandi er ætlað að leysa á innan við sólarhring á tölvu á stað sem hann sjálfur kýs.

Nemandinn ber sjálfur ábyrgð á því, að þau gögn, sem heimilt er að nota séu honum tiltæk á þeim stað, þar sem hann þreytir prófið. Nemandi ber einnig ábyrgð á því, að úrlausn hans komist til skila frá þeim stað, sem hann leysir verkefnið.

2. gr.

Nemandi er skylt að leysa prófið í einrúmi. Honum er óheimilt að þiggja nokkra aðstoð annars aðila og óheimilt að veita nokkrum öðrum aðstoð eða ráð við úrlausn prófsins. Nemandi má nota kennslurit, lagasafn, reglugerðarsafn og önnur skrifleg gögn, sem hann kýs, svo fremi sem í því felst ekki aðstoð frá öðrum. Kennari í þeirri grein, sem fjarpróf er haldið í, getur þó ákveðið að nemandi megi ekki nota tiltekin gögn við úrlausnina.

3. gr.

Kennari ákveður prófatíma í fjarprófi og skal hafa í huga þann tíma sem gert er ráð fyrir að þurfi til að leysa verkefnið og það svigrúm sem nemandi er gefið til að koma því til skila.

4. gr.

Nemandi merkir úrlausn sína eingöngu með nemendanúmeri.

Kennari getur ákveðið hámarkslengd á úrlausn. Kennari gefur að öðru leyti fyrirmæli um form og skil úrlausnar.

5. gr.

Nú skilar nemandi of seint og dragast þá frá einkunn hans 20% (þ.e. 2,0 af 10) fyrir hverjar byrjaðar 10 mínútur sem líða frá lokum próftíma (dæmi: Nemandi sem skilar prófi kl. 12:01, í þriggja tíma prófi þar sem próftími hófst kl. 9:00, er því kominn í 8,0 í einkunn og nemandi sem skilar kl. 12:35 í 2,0 í einkunn). Undantekningar frá þessari grein eru ekki heimilar.

6. gr.

Nemandi sem er veikur á prófatíma og getur af þeim ástæðum ekki tekið prófið skal innan þriggja daga frá upphafi prófatíma skila læknavottorði til nemendabjónustu Félagsvísindasviðs, eða nemendaskrár ef um lokapróf er að ræða.

Nemandi, sem er veikur á prófatíma og getur þess vegna ekki tekið prófið er óheimilt að skoða verkefnið sem leysa á. Geri nemandi það getur hann ekki óskað eftir að fá að taka sjúkrapróf.

7. gr.

Nemandi sem er veikur á prófatíma og uppfyllir skilyrði 6. gr. á rétt á að taka sjúkrapróf á þeim tíma sem sjúkrapróf deildar eru haldin. Kennari getur ákveðið að halda sjúkrapróf í fjarprófi utan hefðbundins prófatíma.

8. gr.

Einkunn fyrir fjarpróf sem er hluti af námsmati námskeiðs gildir einungis á því skólaári sem námskeiðið er kennt.

9. gr.

Brot á reglum þessu er brot á 58. gr. reglna fyrir Háskóla Íslands, nr. 458/2000 og getur varðað viðurlögum samkvæmt 3. mgr. 19. gr. laga um opinbera háskóla nr. 85/2008.

10. gr.

Reglur þessar öðlast þegar gildi.